

### 3. - 4. bekkur 2023 - 2024

**Umsjónarkennari:** Andrea Sif Snæbjörnsdóttir  
**Heimastofa:** Hamraland

Í 3.-4.bekk leggjum við mikla áherslu á samskipti og félagsfærni. Við leggjum okkur fram við að efla sjálfsmýnd nemenda með jákvæðni, hvattningu og hrósi að leiðarljósi.

Kennslan beinist að því að hjálpa nemendum að tileinka sér þekkingu, leikni og jákvætt viðhorf og öðlast þannig þá hæfni sem stefnt er að í menntun.

Leitast er við að efla rökhugsun og gagnrýna hugsun nemenda sem og skapandi hugsun og lausnaleit. Nemendur þjálfast í að rökræða og rökstyðja mál sitt í ræðu og riti.

Við leggjum áherslu á einstaklingsmiðað nám, fjölbreyttar og skemmtilegar kennsluaðferðir. Við notum mikið stöðvavinnu og sampættingu

ART er kennt einu í viku. Í ART tínum er kennd félagsfærni, reiðistjórnun og siðferði.

### Íslenska

Kennari: Andrea Sif Snæbjörnsdóttir

**Helstu viðfangsefni** - Lestrarþálfun sem eykur orðaforða, málþroska og skýra framsögn, tjáning, hlustun, ritun- og skriftarþálfun (t.d. halda rétt á skriffaði og draga rétt til stafs), sérljóðar og samhljóðar, samheiti, andheiti, samsett orð, eintala, fleirtala, sérnöfn, samnöfn, stór og líttill stafur, ng og nk regla, n og nn reglan, kyn orða, þjálfun í fingrasetningu á tölvu, stafrófið, kynning á no, lo og so, helstu greinarmerki (punktur, komma, spurningamerki og gæsalappir), vísur, kvæði, ljóðlínur og rím. Þá verður fjallað um hugtök eins og forsiða, baksiða, kafli og efnisyfirlit bóka. Nemendur í 4.bekk taka þátt í litlu upplestarkeppninni þar sem undirbúningur hefst á degi íslenskrar tungu og endar á sýningu þar sem foreldrum 4.bekkjar er boðið að sjá afreksturinn.

**Námsgögn** – Vinnubækur af Skólavefnum, krossgátur, skriftarbækur/blöð, lestrarbækur við hæfi hvers og eins, stílabækur, margs konar efni af netinu, t.d. gagnvirk (krakkasíður) við þjálfun í málfræði (stafrófið, rím, samheiti/andheiti, nútíð/bátíð, eintala/fleirtala).

**Kennsluhættir** – Leitast verður við að hafa kennsluhætti sem fjölbreyttasta og grunnþættir menntunar, læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, jafnrétti, sköpun, lýðræði og mannréttindi, hafðir að leiðarljósi. Stefnt er að því að auka val nemenda um viðfangsefni og námsleiðir ásamt því að námsmarkmið verði einstaklingsmiðaðri.

Kennari leggur inn ákveðin atriði og útskýrir, einstaklingsvinna, paravinna, hópvinna, stöðvavinna og umræður þar sem að allir fá að tjá sig og hlusta á aðra. Leitast er við að hver og einn fái verkefni við hæfi. Nauðsynlegt er að nemendur lesi upphátt heima 5 sinnum í viku og kvittað sé fyrir í sérstakt hefti. Kennari athugar vikulega hvort áberandi misbrestur sé á heimalestri og gerir þá athugasemdir. Kennari les fyrir börnin.

**Kennslufyrirkomulag** – Samkennsla er í 3. og 4. bekk. Í 4. bekk eru 5 nemendur og 5 í 3. bekk. Íslenska er á dagskrá alla daga vikunnar samtals 270 mín á viku.

**Námsmat** – Stefnt er að lestrarprófi, þar sem lesfimi er mæld, 3 sinnum yfir veturinn. Að þeim loknum fá foreldrar niðurstöður því geta fylgst með árangri baranna.

Að öðru leyti verður stuðst við leiðsagnarmat, sjálfsmat, kannanir, og frammistöðu nemenda í kennslustundum. Metnir eru allir þættir námsins, þekking, leikni og hæfni af viðmiðum í aðalnámskrá.

## Stærðfræði

Kennari: Helena Steinþórssdóttir

**Markmið** - Sjá markmið í Aðalnámskrá grunnskóla fyrir stærðfræði:

**Helstu viðfangsefni** - Áhersla lögð á samlagningu, frádrátt, margföldun, form, gerð kannana og súlurita, tímatalshugtök, mælingu, klukkuna og tugakerfið.

**Námsgögn** – Nemendabók 4a og 4b í Sprotabókaflokknum. Gagnvirkar og verklegar æfingar, leikir og spil.

**Kennsluhættir** – Kennt á stöðvum í samvinnu við 3. bekk. Nemendur vinna í 3-5 manna hópum á stöðvum. Unnið er á kennarastöð þar sem kennari sér um innlögn eða vinnu í áætlun og fylgist vel með þróun og skilningi nemenda á efni sem tekið er fyrir. Á vinastöð vinna nemendur saman í einu verkefni sem reynir á samvinnu og að nýta þá færni sem búið er að leggja inn. Á stöðinni „Ég geri sjálf/ur“ eru einstaklinsverkefni sem nemendur eiga auðvelt með að vinna án þess að fá aðstoð. Þar eru drillæfingar og Spíralverkefni sem hjálpa til við að rifja upp það sem hefur áður hefur verið tekið fyrir svo það gleymist ekki.

Einnig er mikið unnið með að nemendur leysi þrautir eða dæmi úr daglegu lífi með sinni eigin aðferð og sýni bekkjarfélögum frá því hvernig hann komst að niðurstöðu. Sú aðferð er vænleg til árangurs, að nemendur skilji hvað þeir eru að gera og muni þ.a.l. betur hvað verið er að æfa. Einnig er auðvelt að koma stærðfræðihugtökum að í spjalli þegar nemendur útskýra sinn hugsanagang upphátt fyrir öðrum.

## Náttúrufraði/Samfélagsfræði

Kennarar: Andrea Sif Snæbjörnsdóttir

### Markmið:

Sjá Aðalnámskrá Grunnskóla; Náttúrufraði fyrir lok 4. bekkjar

<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=f7d55056-989c-11e7-941c-005056bc4d74>

### Aðalviðfangsefni:

Náttúra Íslands, lífskilyrði manna, umhverfið og samskipti.

### Námsgögn:

Komdu og skoðaðu bækurnar; Tilraunir í náttúrufraði; veraldarvefurinn, ýmsar fræðibækur sem tengjast efninu beint og fjölbreytt efni frá kennara.

### Kennsluhættir:

Innlagnir og umræður, stöðvavinna þar sem nemendur fá fjölbreytt verkefni sem tengjast efni hverrar lotu. Vinna í þörum og hópum eru ríkjandi aðferðir.

Á haustönn eru lotur um umhverfismennt, líkamann, krafta og jarðeðlisfræði. Á vorönn eru lotur um hljóð, ljós, bylgjur, ví sindavaka, nærumhverfið, efnafræði og vorið.

**Kennslufyrirkomulag:**

Náttúrufræði/samfélagsfræði sambætt við íslensku 2 daga vikunnar, 80-40 mínútur í senn.

**Námsmat:**

Þátttaka og verkefni.

**Enska**

Kennari: Helena Steinþórsdóttir

**Markmið****Að nemendur:**

- Auðgi orðaforða sinn er tengist þeim sjálfum, fjölskyldu, áhugamálum, nánasta umhverfi þeirra og reynsluheimi.
- Þjálfist í því að sprýja og svara á einfaldan hátt, því sem stendur honum næst.
- Geti tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar.
- Þjálfist í að hlusta á ensku og öðlist skilning á megininntaki í frásögnum á ensku.
- Geti lesið og skrifað einföld orð og setningar.

**Helstu viðfangsefni**

Orðheimur úr umhverfi nemenda, svo sem, litir, tölur, dýrin, fjölskyldan, fót, veður, heimilið og matur.

**Námsgögn**

Yes we can 3 nemendabók og lesbók og efni af yes we can vefnum. Enskar smásögur, myndbönd og gagnvirkt efni, útprentað námsefni, spil, leikir og söngvar.

**Kennslufyrirkomulag og kennsluaðferðir**

Unnið verður með ákveðin þemu eftir köflum bókarinnar Yes we can 3. Áhersla er lögð á að byggja upp jákvætt viðhorf til tungumálsins og skapa aðstæður þar sem nemendur geta notað tungumálið á einfaldan hátt. Helstu kennsluaðferðir eru einstaklingsnám, para- og hópavinnna. Auk þess vinna nemendur á stöðvum.

Enska er kennd einu sinni í viku, 40 mínútur í senn. 4. og 3. bekk er kennt saman.

**Námsmat**

Námsmat verður unnið út frá hæfniviðmiðum í aðalnámskrá. Tekið verður mið af vinnusemi, áhuga og verkefnum nemenda.

**Myndmennt**

Kennari : Helena Steinþórsdóttir

**Markmið:**

Að nemandi: Geti nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun. Þekki hugtakið sjónarhorn og geti unnið með mismunandi sjónarhorn. Geti unnið mynd eftir fyrirmynd. Geti gert sér grein fyrir verðmæti efna sem unnið er með. Kynnist bæði íslenskum og erlendum listamönnum frá ýmsum tínum og verkum þeirra. Kynnist litafræði og litablöndun. Geti gengið frá verkefnum, efnum og áhöldum. Læri að þekkja eiginleika hvers miðils fyrir sig. Horfi á umhverfi sitt og þjálfist í að notfæra sér það sem hann uppgötvar. Þekki möguleika

línunnar og vinni með hana á markvissan hátt. Geti lýst munnlega/skriflega skoðun sinni á myndverki.

**Námsgögn:**

Unnið verkefni úr bókinni: „Ég sé með teikningu“ og hugmyndum sem fundnar eru á netinu.

**Námsmat:**

Símat kennara sem einkum felur í sér eftirfarandi þætti: áhuga, samviskusemi, elju, sjálfstæði, skapandi vinnubrögð og frágang.

**Kennsluhættir:**

Hugmynd af verkefni er kynnt fyrir nemendum sem unnið er eftir. Ýtt er undir sköpunargleði hvers og eins og stutt við hugmyndir sem koma til nemenda við sköpunina.

**Kennslufyrirkomulag:**

Myndmennt er kennit einu sinni í viku 40 mínútur í senn.

## **Hönnun og smíði**

Kennari: Lilja Loftsdóttir

**Markmið:**

Sjá aðalnámskrá:

<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/>

**Aðalviðfangsefnin eru:**

Nemendur smíða hlut úr efni úr skóginum í Þjórsárdal. Einnig verða unnin verkefni úr ýmsum öðrum eftum þar sem nýsköpunarkennsla fléttast inn. Lögð er áhersla á að nemendur þjálfist í læsi og geti unnið út frá teikningum og að nemendur læri að velja rétt verkfæri hverju sinni.

**Námsgögn:**

Smíði eftir Árna Árnason, Búa Kristjánsson og Ólaf Ólafsson

Ljósrit frá kennara

Veraldarvefurinn

**Kennsluhættir:**

Stundum er kennslunni beint til alls hópsins en oft til einstaklingsins. Nemendur eru hvattir til að sýna frumkvæði og vera sjálfstæðir í vinnubrögðum.

**Kennslufyrirkomulag:**

Bekkurinn fær kennslu fjórum sinnum í senn fjögur skipti yfir veturinn. Kennslustundin er 80 mín.

**Námsmat:**

Þættir eins og hæfni í notkun áhalda, frágangi og vandvirkni eru metnir.

## Textíll

Kennari: Hrönn Brandsdóttir

### Markmið

Nemendur kynnast helstu grunnþáttum og orðræðu greinarinnar.

### Helstu viðfangsefni

Nemendur:

- Læra að setja fram og vinna eftir eigin hugmyndum
- Læra að tileinka sér helstu hugtök greinarinnar og þekkja áhöld hennar
- Læra að beita skærum og þjálfast í því að klippa efni og garn
- Læra að þræða nál og sauma einföld útsaumsspor
- Læra að sauma saman efni í saumavél
- Vinni með íslensku ullina
- Tileinki sér helstu atriði í prjóni
- Læri að skipta um garnlit í prjóni

### Kennsluaðferðir

Bein kennsla og sýnikennsla.

### Kennslufyrirkomulag

Á stundarskrá eru tvær kennslustundir í viku, hluta af haustönn og hluta af vorönn.

### Námsmat

Við námsmat að loknum vetri verður tekið mið af vinnusemi og áhuga nemenda í kennslustundum. Auk þess verður hvert verkefni metið, með tilliti til vandvirkni, færni og frágangs.

## Tónmennt

Kennari: Helena Steinþórsdóttir og til stuðnings Sigríður Garðarsdóttir

### Markmið

<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefild-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/>

- Í þriðja og fjórða bekk geti nemendur sungið ýmis íslensk sönglög/dægurlög, ný og gömul.
- Ráði við að klappa flókinn rytma þar sem sextánudpartar koma oft fyrir og punkteringar.
- Þekki helstu ítalskar tónlistarmerkingar til viðbótar; Allegro, adagio, legato, staccato, dolce.

### Námsleiðir

- Nemendur vinna með og upplifa tónlist í gegnum söng, hreyfingu, hlustun, hljóðfærarotkun og lestur og ritun.
- Sönglög verða kennd á fjölbreyttan hátt og unnið með frumbætti tónlistar samhliða.
- Unnið verður með hryn og púls í lögum sem þau syngja og hlusta á, ýmist með hreyfingu eða búk- og hljóðfæraslætti.
- Unnið verður með frumbætti tónlistar og tónlistarhugtök í gegn um söng, hreyfingu, hlustun og notkun á grafískri nótnaskrift.
- Með hljóðum sem líkaminn býður upp á og skólahljóðfærum vinnum við með það að vera samtaka, koma inn á réttum stað, stoppa og fylgja stjórn.

Nemendum í 3. og 4. bekk er kennt saman, 40 mínútur á viku.

## Námsefni

Tónlist og umhverfið. Flautan og liturnir, blokkflautuefni.

Annað efni: lög af ýmsum toga, leikir og þemategnd vinna eins og hátíðir, árshátíð og Eurovision.

## Námsmat

Byggir á virkni, getu, hegðun og þátttöku í tínum. Umsögn gefin í lok hverrar annar.

## Heimilisfræði

Kennari: Andrea Sif Snæbjörnsdóttir

**Markmið** - Sjá aðalnámskrá grunnskóla fyrir heimilisfræði:

<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=f7d55056-989c-11e7-941c-005056bc4d74>

### Helstu viðfangsefni

- Einfaldar uppskriftir
- Heilbrigðir lífshættir
- Neysluvenjur
- Umhverfisvernd

### Námsgögn – Heimilisfræði 4

**Kennsluhættir** – Verklegar æfingar og umræður.

**Kennslufyrirkomulag** – Heimilisfræði er kennd í 40 mínútur senn, 9 skipti á önn.

**Námsmat** – Fylgst er með færni og framförum nemandans og lagt mat á það hvernig honum gengur að tileinka sér markmið og leiðir. Sjálfstæði og samvinna ásamt virkni eru þættir sem áhersla er lögð á.

## Útikennsla

Kennari: Lilja Loftsdóttir

### Markmið

Markmið útináms er að nemendur öðlist tilfinningu fyrir umhverfi sínu og áhrifum náttúru á þeirra daglega líf. Einnig að nemendur læri að tileinka sér sterkt og gott viðhorf til náttúrunnar, útvistar, hreyfingar og heilbrigði. Einnig er lögð áhersla á að nemendur klæði sig rétt miðað við veðurfar hverju sinni.

### Helstu viðfangsefni

Viðfangsefni útináms eru fjölbreytt og fléttast saman við aðrar greinar skólans. Sérstök áhersla verður lögð á nánasta umhverfi skólans, náttúrulegt og manngert, árstíðirnar og einkenni þeirra, veðurfar, hreyfingu, sköpun og sjálfbærni. Auk þess munu félagsþættir vega þungt í útinámi svo sem, samskipti og félagsfærni.

### Kennsluhættir og kennsluaðferðir

Kennsla fer að mestu leyti fram utandyra og byggir að mestu á athugunum, umræðum, þrautum og skapandi verkefnum. Nemendur munu ýmist vinna í samvinnu við aðra eðra sjálfstætt við öflun gagna, athuganir, prófanir, mælingar og úrvinnslu.

## Námsmat

Lagt verður mat á færni, framfarir, vinnusemi og áhuga nemenda í kennslustundum. Auk þess verður metið hvernig nemendum gengur að tileinka sér markmið námsins.

## Skólaíþróttir

Kennari: Elin Moqvist

### Markmið - Sjá Aðalnámskrá:

<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/>

**Helstu viðfangsefni-** Farið verður í undirstöðuatriði helstu íþróttagreina sem stundaðar eru á Íslandi. Mikil áhersla er lögð að nemendur auki sjálfstraust sitt, viljastyrk og áræðni, sýni góða hegðun og þjálfist í samvinnu. Einnig er lögð áhersla á sköpun nemenda, tjáningu og heilbrigði. Nemendur læra m.a. ýmis hugtök, reglur, skipulagsform, umgengni við áhöld og venjur í búningsklefa og öðlist einnig þekkingu á starfsemi líkamans í tengslum við hreyfingu og íþróttir.

**Námsgögn** - Unnið er með þau íþróttahöld sem skólinn hefur afnot af og henta hverju sinni.

**Kennsluhættir** - Kennslan er fjölbreytt en hún fer aðallega fram í formi æfinga og leikja. Stundum er kennslunni beint til alls hópsins og stundum til fárra í senn eða einstaklingsins. Fyrirkomulagið er margs konar, s.s. leikir, æfingar, stöðvaþjálfun og hringþjálfun, hvort sem er með eða án áhalda.

**Kennslufyrirkomulag** - Nemendur hljóta íþróttakennslu í 80mín. í senn, 1x í viku. Kennslan fer að mestu leyti fram í íþróttasal en útikenna er nokkrar vikur að hausti og að vori.

## Sund

Kennari: Guðbjörg H. Bjarnadóttir

### Markmið:

Sjá Aðalnámskrá <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/>

### Aðal viðfangsefnin eru:

Börnin fá verkefni við hæfi ma. í vatnsaðlögun, hreyfinámi, og stigbundinni sundkennslu. Lögð er áhersla á grunnhreyfingar sundtaka í skriðsundi, bringusundi, skólabaksundi og baksundi. Nemendur sem ljúka 4.bekk þurfa að hafa öðlast nokkra kunnáttu í sundaðferðunum og geta bjargað sér á sundi þar sem þeim er heimilt að fara í sund án fylgdarmanns eftir 1.júní það ár.

### Námsgögn:

Unnið er með þau áhöld sem skólinn hefur afnot af og henta hverju sinni.

### Kennsluhættir:

Kennslan er fjölbreytt en hún fer aðallega fram í formi æfinga og leikja. Stundum er kennslunni beint til alls hópsins en oft til fárra í senn eða einstaklingsins. Fyrirkomulagið er margs konar, s.s. leikir, æfingar, stöðvaþjálfun og hringþjálfun, hvort sem er með eða án áhalda.

### Kennslu fyrirkomulag

Stúlkur úr 3. og 4.bekk eru saman í hóp og drengirnir saman í öðrum hópi.

Kennt er 40 mín. í senn 1x í viku.

Kennslan fer fram í Neslaug.

#### Námsmat:

Námsmat byggir á símati og gátlistum þar sem metnir eru þættir á borð við virkni, samvinnu, leikni og afkastagetu nemenda.

## Jóga

Kennari Elin Moqvist

Nemendur í 1.-7. bekk eru í jógatínum einu sinni í viku allt skólaárið. Yngsta stigið er í 40 mín og miðstigið í 45 mín.

Markmiðin í jóga eru að nemendur:

- Pekki mismunandi tegundir af jóga
- Pekki og tileinki sér öndunaræfingar
- Pekki helstu jógastöðurnar
- Taki virkan þátt í æfingum
- Pekki hugleiðslu og af hverju við notum hana
- Beri virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum

Kennslan fer aðalega fram inni en ef veður leyfir þá förum við út og notum náttúran og umhverfið.

Kennsluhættir eru fjölbreyttir og lögð er áhersla á það að skapa umhverfi þar sem börnunum líður vel og tileinknar sér hugleiðslu og slökun.

## ART

Kennrar: Ingibjörg María Guðmundsdóttir og Lilja Loftsdóttir

#### Markmið

- Að vekja nemendur til umhugsunar um þau hugtök sem notuð eru í félagsfærni, sjálfsstjórn og siðferðisvitund.
- Að kenna nemendum að þekkja tilfinningar sínar og setja sig í spor annara.
- Að kenna nemendum jákvæðar leiðir í samskiptum.

#### Aðalviðfangsefnin eru:

**Félagsfærniþjálfun** - Nemendum eru kennd jákvæð samskipti t.d. með umræðum, hlutverkaleikjum.

**Sjálfsstjórn** – Nemendum eru kenndar leiðir til þess að bregðast við árekstrum og stjórna skapinu sínu. Nemendum eru kenndar nýjar samskiptaleiðir og efla þannig félagslega færni.

**Efling siðferðis** – Þjálfun í rökræðum, með aðstoð kennara, út frá klípusögum þar sem fram koma siðferðileg álitamál.

## Námsgögn og kennsluhættir

ART námsefni, efni af veraldarvefnum og búin til af kennurum. Kennsluhættir eru fjölbreyttir en mikið er um hlutverkaleiki og umræður.

## Kennslufyrirkomulag

ART er í stundatöflu barnanna 1x í viku. Hver tími byrjar og endar á sama hátt og lögð er áhersla á það að skapa umhverfi þar sem börnunum líður vel og að tímarnir séu hnitmiðaðir og skemmtilegir.

## Upplýsingatækni

Kennari: Helena Steinþórsdóttir

### Markmið:

Sjá aðalnámskrá grunnskóla fyrir upplýsinga og tæknimennt:

<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/>

**Aðalviðfangsefni:** Skrá sig inn á sitt office svæði í skólatölvum þar sem að nemendur setja upp sitt svæði, gera möppur og halda vel um sín rafrænu skjöl. Lærum að nota Microsoft forritin og þá serstaklega Word, Excel og Power point. Unnið er á forrit á skýi. Einnig skoðum við og þjálfum upplýsingalæsi, ábyrga netnotkun, forritun og fingrasetningu. Lærum líka á nytSAMLEG öpp í spjaldtölvum.

**Námsgögn:** Ýmis kennsluforrit á vef menntamálastofnunar. Office pakkinn og netsvæði hvers og eins. Forritunarvélmannin Dot og Dash. Spjaldtölvar.

**Kennsluhættir:** Innlögn í upphafi tíma, nemendur vinna verkefni í tölvum eða spjaldtölvum. Kennsla fer einnig fram í öðrum námsgreinum t.d. við gerð glærusýninga og í ritun.

**Kennslufyrirkomulag:** Upplýsingatækni og tónmennt er kennd 1x í viku, 40 mínútur til skiptis.

**Námsmat** Virknimat, þekking, leikni og hæfni viðmiða í aðalnámskrá.